

Ed.

**373. Nefndarálit**

i málinu: Frumvarp til laga um úrskurðarvald sáttanefnda.

Nefndin, sem háttv. Ed. kaus til að athuga mál þetta hefir rætt það á nokkrum fundum. Álit hennar er á þessa leið;

Nefndin er samhuga í því, að mjög varhögavert sé að fara inn á þá braut, sem frumv. afmarkar. Til rökstuðnings þessu álitinu vill nefndin benda á nokkur helstu atriðin, sem mæla á móti frumv., ekki að eins í þeirri mynd, sem það hefir, heldur á móti stefnu þess.

1. Að fá sáttanefndum í hendur úrskurðarvald það, sem frumv. ætlast til að þeim sé fengið, er ófært að álitinu nefndarinnar. Sáttanefndirnar eru skipaðar ólögfróðum mönnum, sem af þeim sökum má telja miður vel fallna til þess að fara með dómssvald það, er frumv. ætlast til að þeim sé fengið í skuldamálum. Þetta verður að álitast því viðsjárverðara, sem ætlast er til, að úrskurðir sáttanefndanna sé yfirleitt fullnaðarúrlit og hafi því sama gildi og væri það hæstaréttardómur.

Og þegar sáttanefndunum er ekki að eins ætlað að fella úrskurð um skuldina sjálfa heldur einnig um málskostnað, taka til greina gagnkröfur og meta mótmæli er koma fram o. s. frv., og fella úrskurð um alt slíkt, er fyrir kann að koma annaðhvort strax eða innan viku, þá væri ekki óeðlilegt þó réttindum manna yrði stundum misboðið. Með svona stuttum fresti eða engum fresti er og farið fram á breytingu á almennum réttarfarsreglu og er það ótækt, af því ekki virðist neina nauðsyn bera til þess. Vitanlega mætti breyta þessu í eðlilegra horf og ýmsum atriðum öðrum í frumv. svo að það batnaði nokkuð, en eigi að síður yrði það þó óaðgengilegt að álitinu nefndarinnar.

2. Verksvið sáttanefnda er og hefir verið, að draga úr deilum og missætti manna á meðal. Óneitanlega hefir sáttanefndunum oft tekist að leysa þetta vandastarf vel af hendi. En sé þeim fengið dómssvald í hendur er hætt við að vinsældir þeirra bíði hnekki við það, og afstaða þeirra verði þess vegna lakari en nú til að kæfa niður missætti og byrjun málaferla. Á það atriði leggur nefndin mikla áherslu, að *ekkert sé gjört, sem rýri áhrif sáttanefndanna til sátta.*

3. Eins og sáttanefndum nú er varið eru prestarnir fyrri sáttanefndarmenn. Þetta starf stendur heldur engum nær en þeim. Þeir ættu ætíð að láta sér öðrum fremur umhugað um að kæfa niður hvers konar missætti. En með því að sáttanefndirnar hafa þau verk að inna af hendi, sem frumv. ætlast til, telur nefndin mjög sennilegt að prestarnir mundu vilja losna við sáttanefndarstörfin, þessum nefndum til hnekkis. Og nefndin telur eigi að eins líklegt að prestar myndu vilja vera lausir við sáttanefndarstörf heldur líka hitt, að ördugt myndi reynast að fá aðra góða menn og nýta í sáttanefndirnar.

Af þeim ástæðum, sem hér eru teknar fram og ýmsum ástæðum öðrum, sem nefndinni virðist mæla á móti frumv., hikar nefndin ekki við að ráða háttv. Ed. til að fella frumvarpið.

Alþingi, 29. marz 1909.

Lárus H. Bjarnason  
formaður.

Jósef Björnsson  
skrifari og framsögumaður.

Ari Jónsson.